

Reykjavík 1. júní 2022

## Umsögn Sálfræðingafélags Íslands um „tillögu til þingsályktunar um stefnu í geðheilbrigðismálum til ársins 2030“. 575 mál.

Sálfræðingafélag Íslands (SÍ) fagnar mótun geðheilbrigðisstefnu til lengri tíma.

Eins og fram kemur í inngangi greinargerðar með tillögunni stríðir geðheilbrigðisþjónusta á Íslandi við margvíslegar áskoranir. Í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að skortur sé á heildarsýn málaflokksins. Sálfræðingafélag Íslands telur mikilvægt að meta þjónustubörf fyrir geðheilbrigðisþjónustu svo hægt sé að móta trúverðuga stefnu og markviss skref að innleiðingu hennar. Geðheilbrigðisþjónusta hefur í gegnum tíðina ekki fengið viðeigandi athygli ráðamanna á Íslandi og hefur áhersla stjórnarflokka á málaflokkinn verið dapur. Afleiðingin þessa hefur leitt til uppsafnaðrar þjónustuparfar. Á Íslandi er stór hópur sem hefur þörf fyrir geðheilbrigðisþjónustu en ekki fengið hana. Stjórnvöld hafa í gegnum tíðina valið að leggja til minna fjármagn að jafnaði til heilbrigðisþjónustu en þjóðir sem við viljum bera okkur saman við. Að sama skapi hafa geðheilbrigðismál fengið hlutfallslega minna fjármagn úthlutað af fjármagni heilbrigðismála, þ.e. geðheilbrigðismál fá minni sneið af minni köku en samanburðaðþjóðir. Eftir stendur veikt heilbrigðiskerfi með enn veikari geðheilbrigðisþjónustu. Forgangsröðun stjórnvalda hefur leitt til þess að erfitt er að manna stöður í geðheilbrigðisþjónustu, vegna ósamkeppnishæfra launa, ófullnægjandi vinnuaðstæðna og álags í starfi. Stjórnsmál snúast m.a. um utanumhald og vinnu verkefna en ekki síður skiptingu fjármagns og forgangsröðun. Stjórnvöld þurfa að stíga stærri skref í fjármögnun þjónustunnar. Með tillögu þessari að stefnu í geðheilbrigðismálum þarf að tryggja fjármagn til innleiðingar.

### ***Varðandi „Geðrækt, forvarnir og snemmbær úrræði verði grundvöllur geðheilbrigðis einstaklinga“***

Lengi býr að fyrstu gerð og vill Sálfræðingafélagið vill vekja athygli á mikilvægi fyrstu áraanna fyrir heilsu og vellíðan barna og á fullorðinsárum. Ýmsar aðgerðir stuðla að farsælri bernsku og vill SÍ benda sérstaklega á mikilvægi þess að hlúa að andlegra heilsu foreldra. Brýnt er að aðgengi foreldra að sálfræðiþjónustu og fræðslu bæði á meðgöngu og á fyrstu árum barns sé greitt. Þar hefur þjónusta á vegum heilsugæslunnar skipað veigamikinn sess og brýnt að sú þjónusta sé tryggð.

SÍ fagnar aðgerðaráætlun um innleiðingu geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum á Íslandi og að skýrt sé tekið fram að lokið verði við innleiðingu aðgerðaráætlunarinnar. Í skýrslu um innleiðingu geðræktarstarfs í skólum kemur fram: „Sóknarfæri til að efla geðheilsu eru einna mest í æsku en þeir verndandi þættir sem vega þyngst hvað geðheilsu

snertir tengjast æskuárunum að miklu leyti. Í ljósi þessa er skólinn álitinn einn ákjósanlegasti vettvangurinn til þess að ná til sem flestra barna og ungmenna með geðrækt og forvörnum.“

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælir með því að heilsuefling í skólum fari fram með heildrænum hætti þar sem jöfn áhersla er lögð á andlega, líkamlega og félagslega vellíðan barna. Sí vil benda á að rík áhersla er á geðheilsu og vellíðan í aðalnámsskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla en því þarf að fylgja fjármagn og framtíðarsýn um menntun þeirra sem koma að málinu. Menntun og þekking sálfræðinga byggir á gagnreyndum aðferðum sem snúa að geðrækt, forvörnum og stuðningi við börn og ungmenni. Lengi hefur verið ákall um aukna sálfræðipjónustu í framhalds- og háskólum, frá nemendum sjálfum og víðar úr samfélaginu. Sálfræðipjónusta í framhalds- og háskólum rímar vel við áherslur þingsályktunarinnar um að geðheilbrigðisþjónusta sé í samræmi við þarfir og væntingar notenda og að geðheilbrigðisþjónusta verði í auknum mæli veitt í nærumhverfi notanda, þ.m.t. sálfræðipjónusta. Sí fagnar einnig að ljúka skuli innleiðingu aðgerðaráætlunar sem hófst árið 2018 til að fækka sjálfsvígum.

**Varðandi „Heildræn geðheilbrigðisþjónusta verði samþætt og byggi á bestu mögulegu gagnreyndu meðferð og endurhæfingu. Geðheilbrigðisþjónustan verði veitt af hæfu starfsfólki á viðeigandi þjónustustigum í árangursríku samstarfi við þjónustuveitendur annars staðar í velferðarþjónustu“**

Lögð er áhersla á þverfaglega mönnun og fjölgun fagstétta sem er jákvætt. Það er þó ekki eitt og sér nóg til að takast á við mönnunarþörf í geðheilbrigðisþjónustu. Mikilvægt er að vinna að því að fjölga stöðugildum þeirra stétta sem þegar eru til staðar og veita geðþjónustu. Almennigur hefur kallað eftir auknu aðgengi að sálfræðipjónustu. T.a.m. hefur kröftug og þörf uppbygging átt sér stað varðandi sálfræðipjónustu innan heilsugæslunnar. Þrátt fyrir þá uppbyggingu er langt í land með að fullmanna þjónustuna. Til að fullmanna sálfræðipjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vantar vel yfir 30 stöðugildi sálfræðinga. Einnig eru biðlistar á flestum stofnunum ríkisins sem sinna geðþjónustu og greiningum. Því er mikilvægt að huga að réttu fagfólki á réttum stað að veita rétta þjónustu.

Í tillögunum kemur fram að „*stöðum í sérnámi og framhaldsnámi í geðheilbrigðisþjónustu verði fjölgað í samræmi við þjónustuþörf. Námið mæti kröfum um samþættingu, samvinnu og hæfni.*“ Sí vill leggja áherslu á að fyrst þurfi að framfylgja þeim reglugerðum sem þegar hafa verið settar og snúa að grunnkröfur til löggildingar, sbr. starfsþjálfunarár sálfræðinga/sálfræðinema.

Í tillögunum kemur fram að „*þverfagleg teymisvinna einkenni vinnubrögð heilbrigðisstarfsfólks til að tryggja betra aðgengi, gæði, skilvirkni og samfellu í geðheilbrigðisþjónustu.*“ Sí vill benda á að til að tryggja gæði þarf að stuðla að menntun og þjálfun starfsfólks til að tryggja aðgengi að gagnreyndri meðferð og að unnt sé að fylgja klínískum leiðbeiningum. Þverfagleg teymisvinna er af hinu góða en á

eitt og sér ekki að einkenna vinnubrögð. Mikilvægt er að sérhæfing stétta fái að njóta sín í meðferð og að sálfræðimeðferð sé veitt af aðilum sem hafa fengið viðeigandi menntun og þjálfun.

Í samráðskafla tillögunnar kemur fram að „ Það geti hvorki talist eðlilegt né æskilegt að ein fagstétt leiði faglega þróun annarrar fagstéttar því til þess hafi hún ekki þar til bæra sérþekkingu“ ... Í framhaldi kemur einnig fram að „Heilbrigðisráðuneytið tekur undir þessi sjónarmið“. Sí leggur áherslu á þessi sjónarmið, að fagstjóri eða faglegur yfirmaður leiði vinnu fagstéttar og sé sá aðili ávallt sömu fagstéttar. Sí telur það vera grunnkröfur til að samþætta, efla og þróa þjónustuna, og til að veita faglega og árangursríka gagnreynda meðferð.

Einnig má benda á stöðu ýmissa hópa sem ekki fá næga þjónustu og hafa búið við biðlista í áratugi, s.s. börn hjá flestum ef ekki öllum stofnunum ríkisins. Ríkisendurskoðun hefur harðlega gagnrýnt stjórnvöld fyrir þessa stöðu. Sí vill einnig benda sérstaklega á stöðu eldri borgara í þessu samhengi. Hópur sem hefur ekki fengið þjónustu og býr við mikla uppsafnaða þjónustupörf. Í þjónustusamningum hjúkrunarheimila er ekki gert ráð fyrir sálfræðiþjónustu. Auka þarf aðgengi allra að geð- og sálfræðiþjónustu.

Í tillögum kemur fram að heilbrigðisráðuneytið sé sammála því að málaflokkurinn sé undirfjármagnaður og að mikilvægt sé að aðgerðaráætlun í framhaldi af þingsályktun þessari verði fjármagnaðar. Það á við um geðheilbrigðisþjónustu á öllum stigum þjónustunnar. Um leið bendir heilbrigðisráðuneytið á að Sjúkratryggingar Íslands hafi það hlutverk um að semja við sálfræðinga. Ekki kemur fram að til að Sjúkratryggingar geti samið við sálfræðinga þurfi fjármagn. Fjármagnið sem hefur verið úthlutað hingað til er takmarkað og eykur á flækjustig samninga. Því er mikilvægt að tryggja fjármagn fyrst til að hægt sé að semja um þjónustuna.

### **Varðandi „Notendasamráð og notendamiðuð þjónusta á öllum stigum geðheilbrigðisþjónustu“**

Almenningur hefur kallað eftir meiri geðheilbrigðisþjónustu, þ.m.t. sálfræðiþjónustu. Mikilvægt er að stjórnvöld virki notendasamráð og hlusti á notendur þjónustunnar. Ákall hefur verið eftir auknu og einföldu aðgengi að sálfræðiþjónustu. Þá er mikilvægt er að huga að lágþröskulda þjónustu þar sem það er hægt. Nemendafélög og stúdentasamtök hafa kallað eftir sálfræðiþjónustu í umhverfi nemenda, til að gera þjónustuna aðgengilegri í framhalds- og háskólum.

Notendur hafa ítrekað kallað eftir niðurgreiddri sálfræðiþjónustu. Á síðustu árum hafa verið ritaðar ótal greinar frá einstaklingum, ýmsum samtökum og hagsmunafélögum með sterkum rökum fyrir niðurgreiddri sálfræðiþjónustu. Nýleg skýrsla Ríkisendurskoðunar bendir einnig á þörfina fyrir niðurgreiddri sálfræðiþjónustu og svona mætti lengi halda áfram.



### **Að lokum**

Sí telur þessa stefnu mikilvæga byrjun á frekari vinnu og útfærslu geðheilbrigðisþjónustu. Í tillögunni er mikið rætt um að þingsályktunin skuli vera almenn eðlis og kallar félagið því eftir frekari vinnu við útfærslu á sértækari þjónustu. Sí býður krafta sína til þeirrar vinnu.

Fyrir hönd stjórnar Sálfræðingafélags Íslands

Tryggvi Guðjón Ingason, formaður